



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 14. nóvember 2012.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, 80. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 30. október sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, 80. mál á 141. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar var hún einnig flutt á síðasta þingi en var ekki afgreidd. Aðdragandi málsins er skýrslubeiðni um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. Skýrslan var lögð fram á 140. löggjafarþingi og var fyrsta skýrslan sem tekin hefur verið saman hér á landi um stöðu barna- og ungmenna með tal- og málþroskaröskun.

Niðurstaða skýrslunnar sýnist sú að kerfið sé of flókið, ekki nægilega skilvirkt auk þess sem það anní ekki verkefnum sínum. Foreldrar barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun virðast óánægðir með fyrirkomulag þjónustunnar, telja þörf á meiri þjónustu talmeinafræðinga og auknu samstarfið við skóla. Þá er það niðurstaða skýrslunnar að flest bendi til að fjöldi barna með frávík í málþroska sé vangiendur. Þetta virðist sérstaklega eiga við um málþroskaraskanir, framburðarvanda virðist betur sínnt.

Í þingsályktunartillögunni felst að fela mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun með markvissri aðgerðaráætlun í samræmi við niðurstöðu skýrslunnar.

Af skýrslunni verður ekki annað ráðið en að full ástæða sé til að taka til hendinni varðandi málefni barna- og ungmenna með tal- og málþroskaröskun og vill LÍ því mæla með því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.